

## Þátttökuaðlögun í Andabæ

**Hvað er þátttökuaðlögun?** Hugmyndafræðin á bak við þátttökuaðlögun er að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennd til barna sinna . **Öruggir foreldrar = örugg börn.** Með því að foreldrar taki fullan þátt frá fyrsta degi kynnast þeir vel dagskipulaginu, starfsfólkinu, hinum börnunum og foreldrum þeirra. Þetta form leiðir einnig oft af sér öflugum foreldrasamstarfi innan skólans.

**Hvert er hlutverk foreldra í þátttökuaðlögun?** Foreldri er inni á deild með barni sínu allan tíman (nema þegar þau sofa). Foreldri sinnir sínu barni, gefur því að borða, skiptir á því og er til staðar fyrir barnið í leik. Foreldrar eru ekki gestir, heldur verða hluti af heild skólans og með þessu gefst barni og foreldrum gott tækifæri til að læra á umhverfið og þau tækifæri sem að eru til náms.

*Við biðjum foreldra um að vera símalausir til að vera til staðar fyrir barnið sitt en það er leyfilegt að taka myndir af barninu í aðlögun en gæta verður að því að engin önnur börn mega vera með í myndatökunni og myndbandsupptökur eru með öllu óheimilar. Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi þess og foreldranna. Mikilvægt er að upphaf leikskólagöngunnar sé jákvæð og aðlögun takist vel til.*

**Hvert er hlutverk starfsfólks í þátttökuaðlögun?** Starfsfólk tekur að sjálfsögðu þátt líka, skipuleggur daginn, setur fram verkefni og leggur sig fram við að kynnast barninu og foreldrum ásamt því að taka niður þær upplýsingar sem þarf.

### Hvernig fer þátttökuaðlögunin fram?

<b>Dagur 1</b>	<b>9:00-10:30</b>	Mæting klukkan 9:00 í leikskólann og farið heim klukkan 10:30. Foreldri er með barninu allan tímann.
<b>Dagur 2</b>	<b>8:30-12:00</b>	Mæting klukkan 8:30 í leikskólann og þangað til að barnið er búíð að borða. Foreldri er með barninu allan tímann.
<b>Dagur 3</b>	<b>8:30-14:00</b>	Mæting klukkan 8:30 í leikskólann og til klukkan 14:00. Foreldri er með barninu allan tímann nema þegar barnið fer í hvíld.
<b>Dagur 4</b>	<b>8:00-14:30</b>	Barnið mætir klukkan 8:00 og foreldrar kveðja barnið mjög fljótlega eftir að komið er í leikskólann og barnið sótt klukkan 14:30.
<b>Dagur 5</b>	<b>8:00-15:30</b>	Barnið kemur klukkan 8:00 og er sótt klukkan 15:30. Svo lengi sem að allt hefur gengið vel.

Aðlögunaráætlun getur breyst en gott er fyrir foreldra að miða við þetta þegar kemur að aðlögun í Andabæ.